

UMSÖGN

“Greiðsluþjónusta (gjaldtaka)”, þskj. 9/143

Mjög svo þarft frumvarp sem gæti leyst raunverulegt vandamál, en gengur of skammt til að ná markmiði sínu.

Vandamálið sem verið er að leysa:

- Of miklir peningar fara í greiðslumiðlun, því hún er lögð ofan á allt vöruverð
- Rangir hvatar í kerfinu: neytandi getur hagnast á að nota óhagkvæma greiðslumiðlun, því hún getur fært honum ábata sem fjöldinn þarf að greiða fyrir.

Vandi við núverandi frumvarp:

- Hversvegna ættu fyrirtæki að nenna að flækja málið og rukka viðskiptavinum aukagjald eftir því hver greiðslumiðillinn er ?
- Hversvegna ættu fyrirtæki að angra viðskiptavininn þegar hann er búinn að ákveða að kaupa eitthvað ? (með því að útskýra mismunandi afslætti eða aukakostnað eftir því hvernig greiðslumiðill er notaður)

Hvað lögin þurfa að segja:

- Kaupandi vöru/þjónustu skal bera allan kostnað af greiðslumiðlun sem kaupandi notar.

Ávinningur:

- Um leið og neytandinn þarf að borga raunverð fyrir þjónustuna, þá kemst á eðlilegur markaður/samkeppni með tilheyrandi verðleiðréttingum.
- Vöruverð í landinu mun vafalítið lækka í kjölfarið.

Reykjavík, 9. Október, 2013

Bergur Ragnarsson,
bergur@r2.is